

# Umsókn um styrk úr borgarsjóði

11-10-2023 16:51

## Umsækjandi

Ég er að sækja um sem: **Fyrirtæki / Samtök**

Einstaklingur Nafn umsækjanda: **Atli Geir Halldórsson**

Kennitala umsækjanda: **1205993219**

Heimilisfang umsækjanda: **Óðinsgötu 14**

Póstnúmer umsækjanda: **101**

Fyrirtæki / Samtök Nafn fyrirtækis/samtaka: **Snorrasjóður**

Kennitala fyrirtækis/samtaka: **5710024260**

Heimilisfang fyrirtækis/samtaka: **Óðinsgata 7**

Póstnúmer fyrirtækis/samtaka: **101**

Símanúmer fyrirtækis/samtaka: **8576334**

Netfang fyrirtækis/samtaka: **info@snorri.is**

Ertu líka tengiliður verkefnisins?: **Nei**

Nafn tengiliðar: **Atli Geir Halldórsson**

Kennitala tengiliðar: **1205993219**

Heimilisfang tengiliðar: **Óðinsgata 14**

Póstnúmer tengiliðar: **101**

Símanúmer tengiliðar: **8576334**

Netfang tengiliðar: **atli@snorri.is**

Hvert er kyn tengiliðar?: **Karl**

Nafn tengiliðar: **Atli Geir Halldórsson**

Kennitala tengiliðar: **1205993219**

Heimilisfang tengiliðar: **Óðinsgötu 14**

Póstnúmer tengiliðar: **101**

## Áherslur verkefnisins

Hverjar eru helstu áherslur verkefnisins?: **Menningarmál**

Menningarmál - undirflokkar: **Annað**

Ef annað, þá hvað?: **Varðveita og flytja á milli kynslóða íslenska menningararfinn sem hefur mótast í árunna rás á milli Íslendinga og fólks af íslenskum ættum í Norður- Ameríku**

## Verkefnið

Heiti verkefnis: **Snorraverkefni**

Stutt lýsing á verkefni (hámark 255 stafir): **Snorraverkefni eru gagnkvæmar menningarferðir milli Íslands og slóða Vestur-Íslendinga í Norður-Ameríku. Árið 2024 markar 25 ára afmæli Snorraverkefnanna.**

Markmið verkefnisins (hámark 1100 stafir): **Megintilgangur með verkefninu er að stuðla að því að flytja á milli kynslóða íslenska menningararfinn sem hefur mótast í árunna rás á milli Íslendinga og fólks af íslenskum ættum í Norður-Ameríku þannig að hann glattist ekki. Í gegnum verkefni viljum við að arfurinn verði ljóslifandi í ungu fólki beggja vegna Atlantsála og að komandi kynslóðir varðveiti söguna, haldi góðum tengslum og haldi uppi heiðri Vesturfaranna. Sagan síðustu 25 ár hefur sýnt að með þátttöku í Snorraverkefninu kynnist unga fólki daglegu lífi og menningu hér á landi, myndar órjúfanleg tengsl við land og þjóð sem við teljum að sé ein af forsendum þess að saga Vesturfaranna og tengsl við afkomendur Vestur-Íslendinga í Norður-Ameríku haldi áfram.**

Lýsing á verkefni (hámark 1650 stafir): **Snorraverkefnið veitir ungu fólki á aldrinum 20 til 30 ára af íslenskum ættum í Norður-Ameríku tækifæri til að kynnast rötum sínum á Íslandi í 5 vikna sumarverkefni. Verkefnið byrjar á tveggja vikna menningar- og námsdagskrá í Reykjavík í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sérstök áhersla er lögð á íslenskukennslu og menningar- og samfélagsfræðslu í þéttri stundaskrá, einnig er boðið upp á léttu kvöld- og helgardagskrá. Á eftir borgardagskránni fylgir tveggja**

vikna dvöl í heimabyggð forfeðra/-mæðra hjá gestgjafafjölskyldu. Hér er lögð áhersla á að þátttakendur fái að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og fjölskyldulífi, þannig kynnist þeir landi og þjóð á djúpan hátt. Seinustu vikunni er varið í vikulangri landkynningarferð um merkisstaði í náttúru Íslands þar sem er fyrst og fremst gíst í svefnpokaplássum vítt og breytt um landið. Snorri West verkefnið er hliðstæða Snorraverkefnisins þar sem fjögur íslensk ungmenni á aldrinum 20-30 ára ferðast um slóðir vesturfara í Norður-Ameríku. Snorri Plus verkefnið er ætlað fólki 30 ára og eldra sem annað hvort er af íslenskum ættum eða hafa brennandi áhuga á Íslandi. Þau koma til Íslands í tveggja vikna menningar, fræðslu og skemmtiferð. Fyrstu vikunni er varið í Reykjavík. Boðið er upp á íslenskukennslu, fyrirlestra um sögu og menningu, opinberar heimsóknir, ættingjakaffi og vikulanga landkynningarferð um Ísland. Styrkurinn frá Reykjavíkurborg gerir okkur kleift að bjóða þetta tækifæri jafnt til allra ungra þátttakenda. Snorri Plus þátttakendur borga alveg sjálfir fyrir sína upplifun.

## Verk- og tímaáætlun:

Verkliður	Upphaf	Endir
Árið 2024 markar 25 ár af velgengni fyrir Snorraverkefnið og því viljum við fagna með auka viðburðum á Íslandi og í Norður-Ameríku, afmælishátíð og tímariti. Yfir allt árið er fyrirspurnum jafnframt sinnt, reglulegum uppfærslum á heimasíðu, tilkynningar og regluleg skrif á samfélagsmiðlum og ýmislegt annað sem tengist rekstri menningarverkefna. Styrktarvinna og hagræðing er í gangi allt árið um kring sem og störf stjórnar, uppbygging og aðhlúun að tengilsanetum og að halda áfram að sinna meginmarkmiði Snorrasjóðs.	01-01-2024	31-12-2024
Lokahnykkur í kynningarstarfi fyrir Snorraverkefnið (frestur rennur út um miðjan janúar ár hvert). Móttaka og skráning umsókna, val á þátttakendum. Lokadrög fjárhagsáætlunar ársins og frágangur ársreiknings. Funda/ganga frá samningum við samstarfsaðila. Haldið áfram með styrktarstarf með áherslu á fyrirtækja- og vörustyrki. Kynningarstarf Snorra West með útvarpsviðtölum, kynningu í háskólum og opnu kynningarkvöldi, umsóknarfrestur fyrir Snorra West rennur út um miðjan febrúar. Viðtöl við Snorra West umsækjendur og val á þátttakendum. Lokafrágangur bókana fyrir sumarið og ítarlegar upplýsingar og eftirfylgni til þátttakenda. Tekin er saman kynningarskjal um ættfræði og fjölskyldu þátttakenda. Umsókn og undirbúningur fyrir ársþing Þjóðræknisfélags Íslendinga í Norður-Ameríku (INLNA).	01-01-2024	31-03-2024
Gistifjölskyldur/ættingjar staðfestir. Ganga frá starfsþjálfun fyrir þátttakendur og söfnun styrkja. Bókanir vegna Snorra Plus menningarferðarinnar. Tekið þátt í ársþingi Þjóðræknisfélags Íslendinga í Norður-Ameríku. Ganga frá ýmsu praktísku eins og tryggingum, útgáfu flugmiða hjá Icelandair, Icelandic online prófi og bóka þá gistingu sem ekki var bókuð um veturinn. Skipulagning á menningar og fræðsludagskrá í Reykjavík ásamt kvöld- og helgardagskrá. Bókaðar ferðir til fjölskyldna á landsbyggðinni. Undirbúningsfundur fyrir Snorra West í lok maí.	01-04-2024	31-05-2024
Lokaundirbúningur fyrir komu Snorra-þátttakenda, útbúa upplýsingapakka og kynningu. Lokastaðfesting til fjölskyldna og vegna starfsþjálfunar. Móttaka Snorra hópsins um miðjan júní – 2 vikur í Reykjavík, (tungumála- og menningardagskrá). Síma-vakt allan sólahringinn í 5 vikur hjá verkefnastjóra – stuðningur við fjölskyldur og þátttakendur ef þarf. Undirbúningur kynningastarfs á Íslendingahátíðunum Gimli, Manitoba og Mountain, North Dakota. Undirbúa útskrift Snorra-hópsins (innheimta lokaverkefni o.fl.). Lokafinþússun á landkynningarferð – verkefnastjóri fer með í ferð (7 dagar). Móttaka og framkvæmd Snorra Plus – 2 vikur (síma-vakt allan sólahringinn).	01-06-2024	31-08-2024
Ýmiss konar frágangur verkefna. Frágangur reikninga/styrkja og bókhaldsvinna. Skýrsla ársins og bráðabirgðauppgjör. Gisting og aðrir stórir útgjaldarliðir samdir um og bókaðir. Styrktarumsóknir til sveitarfélaga og fyrirtækja. Aðalkynningarstarf fer fram. Þakkar til styrktaraðila, og allra þeirra sem gera Snorrasjóði kleift að halda þetta verkefni sem bætir lífi og karakter í samfélagið.	01-09-2024	31-12-2024

Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði?: Já

Ef já, hvaða ár?: 2021-2023 var Snorrasjóði veittur árlegur styrkur upp á 1.000.000 kr. Árin 2013-2019, 2006-2008 & 2002-2003 styrkti Reykjavíkurborg Snorraverkefnið um minnst 100.000 og mest 650.000 kr árið 2019.

## Markhópurinn

Er verkefninu ætlað að ná til ákveðins hóps af fólki?: Já

Samfélagshópar: Annar hópur

Ef annar hópur, þá hver?: Snorraverkefnið nær til Norður-Ameríkubúa á aldrinum 20-30 ára af íslenskum ættum. Systurverkefnið Snorri West og Snorri Plus ná hvert um sig til 20-30 ára Íslendinga annarsvegar og allra Norður-Ameríkubúa hinsvegar

# Mannréttindastefna

Ég hef kynnt mér mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar: ✓

Hvernig samræmist verkefnið mannréttindastefnunni?: **Verkefnið fellur vel að mannréttindastefnu borgarinnar. Þátttakendur verkefnisins hafa alla tíð verið af öllum kynjum, uppruni þeirra mjög ólíkur sem og bakgrunnur, trú og menning. Í Snorraverkefninu kynnast þessir ólíku einstaklingar og tengjast í gegnum einstaka, sameiginlega arfleidd þeirra. Á milli þátttakendanna hafa myndast órjúfanleg bönd, einstök vináttusambönd og tengslin við Ísland engu lík. Meirihluti þátttakenda hefur komið aftur og sótt Ísland heim, með fjölskyldur sínar og ættingja. Einnig halda þátttakendur nafni Íslands á lofti erlendis og hvetja þannig til áframhaldandi tengslamyndunar og áhuga. Snorrasjóður hefur aldrei neitað þátttakanda að taka þátt út frá kynþætti, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáníningar, kyneinkenna, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Verkefnið okkar eru fjölbreytt og sum eru tileinkuð yngra fólki (20-30 ára) og svo er annað verkefni fyrir 30 ára og eldri, þannig að verkefnið er fyrir alla aldurshópa og geta allir tekið þátt.**

Virk jafnréttis- og/eða mannréttindastefna:

## Útgjöld og tekjur

Áætluð útgjöld:

Útgjaldaliður	Upphæð
Laun og launatengd gjöld	12.528.000 kr.
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.500.000 kr.
25 ára afmæli Snorraverkefnanna	1.100.000 kr.
Rekstrarkostnaður: Snorri Plús	9.526.448 kr.
Rekstrarkostnaður: Snorri fargjöld	3.024.832 kr.
Rekstrarkostnaður: Snorri menningardagskrá Reykjavík	557.364 kr.
Rekstrarkostnaður: Snorri gisting og matur Reykjavík	2.515.526 kr.
Rekstrarkostnaður: Snorri akstur	1.297.954 kr.
Rekstrarkostnaður: Snorri tryggingar	176.017 kr.
Rekstrarkostnaður: Snorri ferðir og söfn	190.885 kr.
Rekstrarkostnaður: Snorri ættfræði	162.000 kr.
Rekstrarkostnaður: Snorri kynningarstarf	108.000 kr.
Rekstrarkostnaður: Snorri landkynningarferð	2.306.780 kr.
Rekstrarkostnaður: Snorri dagpeningar	324.000 kr.

Samtals: 36.317.806 kr.

Áætlaðar tekjur:

Tekjuliður	Upphæð
Framlög Snorra þátttakenda (16 manns)	14.456.000 kr.
Framlög Snorri Plús þátttakenda (16 manns)	14.456.000 kr.
Styrkur Mennta- og viðkiptaráðuneytisins	5.000.000 kr.
Styrkur Reykjavíkurborgar	1.250.000 kr.

Samtals: 35.162.000 kr.

Styrkuppheð: 1.250.000 kr.

# Reikningsupplýsingar

Banki: 0334

Höfuðbók: 13

Reikningsnúmer: 553996

Nafn reikningseiganda: Snorrasjóður

Kennitala reikningseiganda: 5710024260

## Fylgigögn

Fylgigögn: Framkvæmd Snorraverkefnanna á Íslandi 2023.pdf, Viðbragðsáætlun við EKKO, Norræna félagið á Íslandi.pdf, Snorrasjóður, greinagerð um ráðstöfun styrkjár 2023. Undirritað.pdf

Önnur gögn (t.d. hlekkur á vefsíðu): [www.snorri.is](#)

## Kyngreindar upplýsingar

Hver hafa helst hag af verkefninu?: Öll kyn/Ekki hægt að segja eins og er

Er teymi verkefnisins ákveðið?: Já

Fjöldi alls: 9

Fjöldi kvenna: 6

Fjöldi karla: 3

Fjöldi kvára/kynsegin fólks: 0

## Skilmálar

Já, ég samþykki! ✓